

## Deilur Geðhjalpar og oddvita Bjartrar framtíðar harðna

Deilurnar í kringum fráfaraandi formann Geðhjalpar fara harðnandi. Stjórnarmaður í Geðhjalp skýtur föstum skotum að formanni Bjartrar framtíðar sem um helgina varði störf fyrrum formannsins.

Eyjan greindi fyrst frá því að stjórn Geðhjalpar hafi samþykkt vantrauststillögu á Björt Ólafsdóttur nokkrum dögum áður en hún lét af störfum. Björt sagði af sér þegar hún tilkynnti að hún myndi leiða lista Bjartrar Framtíðar í öðru Reykjavíkarkjördæmanna.

Stjórnarmenn í Geðhjalp hafa síðan stigið fram og borið Björt þungum sökum, meðal annars að hafa smalað inn nýjum félagsmönnum fyrir kosningu til stjórnar árið 2011 þegar hún var kjörin formaður. Þá var hún sökuð um að hafa reynt að ráða vinkonu sína í stöðu framkvæmdastjóra.

Guðmundur Steingrímsson, formaður Bjartrar Framtíðar, sagði í viðtali við Fréttablaðið um helgina að málið væri framboðinu óviðkomandi, en hvatti fólk til að koma kynna sér málstað Bjartrar.

“ Okkur var kunnugt um þetta en Björt hefur farið vandlega yfir þetta með okkur og við sjáum nú ekki að í þessu felist mjög þungar ásakanir,

” sagði Guðmundur. Svandís Nína Jónsdóttir, sem situr í stjórn Geðhjalpar, birtir í dag opið bréf til Guðmundar á bloggi sínu á Eyjunni, þar sem hún segir að ummæli hans hafi verið særandi fyrir stjórn Geðhjalpar. Í bréfinu segir:

“ Þykir þér, Guðmundur Steingrímsson, í góðu lagi að góðgerðafélög séu yfirtekin af utanaðkomandi fólki, með fulltingi starfsmanna, í engum sjáanlegum tilgangi öðrum en þeim að marka sér bás á vettvangi stjórnmalanna? Þykir þér einnig í lagi að formenn stjórna góðgerðafélaga blekki meðstjórnendur visvitandi á altari vinavæðingar? Að formaður telji stjórn sinni trú um að starfsmannaráðningar félagsins séu í höndum fagaðila, þegar engin ummerki eða vitnisburður er til staðar um slíkt samstarf? Allt til þess að ráða kunningja til starfa?

Þykir þér þá einnig í lagi að óvarlega sé farið með fjármuni góðgerðasamtaka, sem að stórum hluta koma úr vasa skattgreiðenda? Ef svo er, ertu ekki maðurinn sem ég hélt að þú værir. Sem er miður. Það virðist vera að þú sért bara enn einn kallinn í pólitík, ekkert öðruvisi, ekkert nýtt við þig.